

SJÁLFBÆRNISTEFNA

Við sýnum aðgát og ábyrgð í störfum okkar og höfum jákvæð áhrif á samfélagið með gildi Verkís að leiðarljósi: Heilindi - Metnaður - Frumkvæði.



SJÁLFBÆR ÞRÓUN OG NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA

Við tökum tillit til umhverfisins í allri starfsemi og stuðlum að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Við styðjum við náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og beitum þekkingu okkar með virðingu fyrir umhverfinu.

Við erum leiðandi á sviði vistvænnar hönnunar. Við úrlausn verkefna er fylgt viðmiðum um sjálfbærni og leitast við að lágmarka umhverfisáhrif á framkvæmda- og rekstrartíma og bent er á umhverfissvæna valkosti ef mögulegt er.

Við förum sparlega með auðlindir og tökum tillit til umhverfissjónarmiða við kaup á aðföngum.

Við leggjum áherslu á að endurnýta, endurvinnna og farga úrgangi á ábyrgan hátt.

Við erum meðvituð um þau fótspor sem starfsemin skilur eftir sig og leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir mengun.

LÍFVÆNLEGT UMHVERFI OG HEILSUSAMLEGUR FERÐAMÁTI

Verkís vinnur að því að efla vitund starfsfólks um vistvænar og sjálfbærar samgöngur. Þannig er stuðlað að lífvænlegum umhverfi, heilbrigðari lífsháttum og minni mengun.

Við leggjum áherslu á pappírslaus viðskipti og rafræn samskipti til að minnka kolefnisspor og draga úr sóun. Starfsfólk er hvatt til að nýta fjarfundabúnað í stað ferðalaga og hefur kost á að sinna starfi sínu heiman frá í samræmi við viðmið um fjarvinnu Verkís.

Við kaup á farartækjum Verkís er valinn vistvænn kostur og starfsfólk er hvatt til að tileinka sér vistvænan ferðamáta. Við úrlausn verkefna er tekið tillit til gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda svo og almenningssamgangna á framkvæmda- og rekstrartíma mannvirkis, auk þess sem orkunotkun er lágmarkuð. Við bendum viðskiptavinum á leiðir sem stuðla að vistvænum samgöngum.

ÖRUGG HÖNNUN – ÖRYGGI Á VERKSTAÐ

Við erum leiðandi í öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustað, bæði á starfstöðvum okkar og á verkstað og stuðlum þannig að auknu öryggi í samfélaginu.

Við leggjum áherslu á góðar starfsaðstæður á vinnustöðvum Verkís og beitum áhættumati starfa til að útrýma hættum og draga úr líkum á starfstengdum heilsufarsvandamálum og öryggisbrestum.

Við mótun mannvirkja, hönnun og undirbúning framkvæmda miða hönnuðir að því að mannvirki verði sem öruggast í byggingu og rekstri.



Rík áhersla er lögð á að farið sé eftir öryggisreglum á verkstað og sé aðbúnaði varðandi öryggi og heilbrigði á verkstað ábótavant ber starfsmönnum Verkís að hætta vinnu eða stöðva hana og benda á úrbætur.



PERSÓNUVERND

Persónuupplýsingar sem Verkís aflar geta varðað viðskiptavini, samstarfsaðila, starfsfólk og aðra sem Verkís á í samskiptum við. Okkur er umhugað um persónuvernd og lítum á vernd persónulegra upplýsinga sem grundvallarmannréttindi. Við virðum réttindi einstaklinga og upplýsingar sem Verkís aflar verða aldrei nýttar til að gera persónusnið. Við verndum þær upplýsingar sem okkur er trúð fyrir.

VIRÐING FYRIR MANNRÉTTINDUM OG ÁHERSLA Á GOTT SIÐFERÐI

Við styðjum og virðum vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, almenn viðurkennd viðmið og siðareglur Verkís og leggjum okkur fram um að vera í fararbroddi.

Við fylgjum almennri vinnulöggjöf um starfsumhverfi og vinnuvernd og virðum félagafrelsi og rétt til sanngjarnra launa. Við höfnum með öllu hvers konar misrétti og mannréttindabrotum, s.s. nauðungar-, þrælkunar- og barnavinnu og gerumst ekki meðsek um slík brot.

Við rekum starfsemina í samræmi við vandaða starfshætti og viðurkennd viðmið samfélagsins. Starfsfólk er upplýst um skyldur sínar og við hvetjum starfsfólk til að tilkynna um hverskonar mögulega ólögsmæta eða ámælisverða háttsemi sem þeir kunna að verða varir við í starfi sínu og heitum upplýstrara fullri vernd.

SKULDBINDING

Við insetjum okkur að uppfylla ætíð viðeigandi lög og reglugerðir og aðrar kröfur um umhverfis- og öryggismál og að þróa og viðhalda vottuðu stjórnkerfi samkvæmt ISO 14001, ISO45001 og skuldbindingu okkar gagnvart viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð okkar í samfélaginu (UN Global Compact). Rík áhersla er lögð á samráð og þátttöku allra starfsmanna.

Við vinnum stöðugt að því að bæta starfsemina með áherslu á að útrýma hættum og lágmarka áhættu auk þess að leggja ríka áherslu á ábyrga starfshætti og sjálfbærni.

Samþykkt af stjórn 20. maí 2025

F.h. Verkís

Egill Viðarson, framkvæmdastjóri